



5. febrúar 2025

Tilv.: 2502008

Dreifibréf nr. 7/2025
Til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Efni: Drög að endurskoðuðum Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Seðlabanki Íslands hefur gefið út nýtt umræðuskjal nr. 1/2025 sem inniheldur drög að endurskoðuðum Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 8. útgáfu almennu viðmiðanna og 6. útgáfu viðauka þeirra.

Markmið hinna almennu viðmiða er að skilgreina og kynna með almennum hætti aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli og álagspróf (SREP) ([EBA/GL/2022/03](#)) fela í sér ítarlegri lýsingu á aðferðafræðinni sem fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt við eftirlitsframkvæmd sína og eiga þau við þar sem hinni sleppir.

Í umræðuskjalinu eru efnislegar breytingar auðkenndar með rauðum lit sem má glöggva sig á með samanburði við [núgildandi viðmið](#).

Í drögum að hinum almenna hluta viðmiðanna og viðaukunum þremur hafa ýmsar orðalagsbreytingar og lagfæringar á texta verið gerðar. Þá hafa ýmsar lagatílvísanir verið uppfærðar, flestar vegna breytinga sem urðu á lögum um fjármálafyrirtæki á síðasta ári, sbr. lög nr. 62/1024, og nýrra reglna sem tóku gildi í fyrra.

Nokkrar minni háttar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á hinum almenna hluta viðmiðanna. Sjálfbærniáhætta hefur verið áréttuð sem undiráhættuþáttur rekstraráhættu, auk þess er í drögunum vísað til hliðsjónar til viðmiðunarreglna EBA um sjálfbærniáhættu. Breytingar hafa verið gerðar á hugtakanotkun svo hún sé í betra samræmi við lög og EES-gerðir. Þannig hefur hugtakinu *grunnkrafa um eiginfjárgrunn* verið skipt út fyrir hugtakið *lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn* (e. *minimum capital requirement*). Þá hefur hugtakið *lágmarkskrafa fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn* (e. *total SREP capital requirement, TSCR*) nú verið látið ná yfir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (8%) og viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (e. *additional capital requirement*) í stað *lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn*. Hugtakinu *lykiláhættumælikvarði* var skipt út fyrir hugtakið *lykiláhættuvísir* (e. *key risk indicator*). Jafnframt hefur verið sett fram ítarlegri skýring á viðbótareiginfjárkröfu vegna hættunnar á of mikilli vogun.

Við endurskoðun á viðauka 1, sem fjallar um útlána- og samþjöppunaráhættu, var í umfjöllun um útlánaáhættu í kafla 2 lögð áhersla á uppfærslu á viðmiðunarverðum fyrir fiskveiðikvóta sem veðandlag, en nokkuð er síðan þau voru síðast endurskoðuð. Þá hefur fjármálaeftirlitið haft til skoðunar að fella niður lánasafnsskýrslu eftirlitsins (LPA), en á henni

hefur verið byggt við mat á viðbótareiginfjárförf vegna vanefnda og ívilnunar. Í nágildandi viðmiðum var kynnt ný aðferð sem horfir til mengis lána lánþega sem eru með eitt eða fleiri lán flokkuð í skilum, en með ívilnun (e. performing with forbearance). Tilgangur samhliða keyrslu beggja aðferða var að sannreyna gæði ívilnunarskráningar en niðurstaða ársins 2024 var sú að ótímabært væri að leggja LPA-skýrsluna niður. Eftir könnunar- og matsferli ársins 2025 mun fjármálaeftirlitið endurskoða skilaskyldu á LPA-skýrslu hjá þeim þátttakendum sem ná viðunandi samanburði samkvæmt báðum aðferðum.

Því næst skal þess getið að við innleiðingu reglugerðar (ESB) 2024/1623 (CRR III)¹ verður viðbótareiginfjárfkrafa fyrir lán til fasteignaþróunarverkefna lögð af en stefnt er að því að innleiðingunni verði lokið áður en niðurstaða fæst úr könnunar- og matsferli viðskiptabankanna fyrir árið 2025.

Í kafla 3 í viðauka 1 var sú breyting gerð á aðferðafræði fyrir lántakasamþjöppun að ekki er lengur horft fram hjá lánnum sem fengið hafa viðbótareiginfjárförfu vegna aðferðafræði samkvæmt kafla 2 heldur eingöngu lána með 0% áhættuvog og lána í alvarlegum vanskilum. Sú útreiknaða fjárhæð eiginfjárförfu verður áfram háð sérfræðimati og geta t.a.m. viðbótareiginfjárförfur samkvæmt kafla 2 haft áhrif. Að lokum hefur viðbót við viðauka 1 sem ber saman ÍSAT2008 atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar við samskonar flokkun samkvæmt FINREP verið felld brott því síðarnefnda flokkunin byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) sem ÍSAT2008 gerir líka. Ekki er því lengur talin þörf á samanburðinum.

Viðauki 2, sem fjallar um markaðsáhættu, hefur meðal annars verið uppfærður vegna fastvaxtaáhættu. Tveimur nýjum viðmiðum, sem byggja á nýlegum viðmiðunarreglum EBA ([EBA/GL/2022/14](#)) og framseldum reglugerðum (ESB) 2024/856 og 2024/857, sbr. reglur nr. 1341/2024, hefur verið bætt við kafla 6.1. Fyrri viðmiðið snýr að EVE (e. economic value of equity) og er að nær öllu leyti sambærilegt SOT-aðferðafræði (e. standard outlier test) samkvæmt fyrrnefndu reglugerðinni. Nýja viðmiðið víkur frá SOT með því að horfa til leiðréttis rauntíma (e. modified duration) í stað sjóðstreymis. Þetta er sökum þess að núverandi gagnaskil miða við leiðréttan rauntíma. Viðmiðið víkur einnig frá SOT að því leyti að það inniheldur ekki hegðunarlíkan fyrir mat á rauntíma innlána, en slíkt líkan er enn í þróun. Í viðmiðinu er að finna ný gildi fyrir vaxtahlíðranir sem hafa verið reiknaðar út í samræmi við aðferðafræði úr hluta B í viðauka fyrrnefndu reglugerðarinnar.

Mikilvægt er að þessar vaxtahlíðranir séu réttar. Því mun fjármálaeftirlitið í umræðuferlinu óska eftir því að viðeigandi fjármálafyrirtæki framkvæmi eigin útreikninga á umræddum vaxtahlíðrunum svo unnt sé að bera niðurstöður þeirra saman við niðurstöður fjármálaeftirlitsins eins og þær birtast í drögum að viðmiðunum þar sem þær munu að óbreyttu gilda næstu árin. Eldra EVE-viðmiðið fellur ekki úr gildi, að svo stöddu, þó svo að nýju EVE-viðmiði hafi verið bætt við. Fjármálaeftirlitið er meðvitað um ágalla sem eru á skýrsluformi EBA fyrir fastvaxtaáhættu og er í samskiptum við sérfræðinga stofnunarinnar um lausnir á málinu.

¹ Viðmiðin munu þarfnast almennrar endurskoðunar við innleiðingu tilskipunar (ESB) 2024/1619 (CRD VI) og CRR III og upptöku viðmiðunarreglna EBA um SREP sem sæta nú endurskoðun.

Á viðauka 3 sem fjallar um eiginfjárouka hafa, ásamt ýmsum breytingum á orðalagi, tilvísanir til reglna um kerfisáhættuauka og eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki verið uppfærðar. Þá hefur tilvísun til viðmiðs fjármálastöðugleikanefndar við ákvörðun um gildi sveiflujöfnunarauka verið bætt við.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum sem afmarkaðar eru við þær breytingar sem gerðar hafa verið í drögnum. Skjölin eru jafnframt birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 19. febrúar nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal senda á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Jónas Þór Brynjarsson
forstöðumaður
varúðareftirlit

